

1.febrúar 2010

**Mýrdalshreppur**  
**Austurvegi 17**  
**870 Vík**

**Efni: Athugasemdir við auglýsta tillögu að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2009 – 2025.**

Náttúruverndarsamtök Suðurlands (NSS) gera hér með eftirfarandi athugasemdir við auglýsta tillögu að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2009-2025.

1. NSS leggjast eindregið gegn tillögu að breyttri veglínu þjóðvegjar um Mýrdal, sem lýst er í skipulagsgögnum, og gerir ráð fyrir legu vegjarins um Víkurfjöru með jarðgöngum gegn um Reynisfjall, eftir bökkum Dyrhólaóss eða mýrlendinu norðan hans, og um Reynis- og Dyrhólahverfi.

Vísa samtökin til fyrri ályktunar sinnar þar um dags. 26. júlí 2007 og vilja hér með ítreka þau sjónarmið sem þar koma fram (sjá meðfylgjandi afrit). Einnig er tekið undir athugasemdir Umhverfisstofnunar, dags. 5. ágúst 2009, sem lúta að þessum þætti aðalskipulagstillögunnar. NSS telur að umrædd tillaga að breyttri veglínu sé í hróplegu ósamræmi við stofnmarkmið aðalskipulagstillögunnar í umhverfismálum, að hún sé brot á náttúruverndarlögum, og að hún fari í bága við alþjóðasamninga sem Ísland hefur skuldbundið sig til að virða. Enda er reiknað með að veglínan fari um eða mjög nærri svæðum á náttúruminjaskrá og skerði til allrar framtíðar fjöru, sjávarleirur og annað votlendi.

NSS álíta að svæðið í heild, það er strand- og votlendissvæðin í Mið-Mýrdal, hafi ómetanlegt gildi í vistfræðilegu tilliti, sem beri að vernda í enn ríkari mæli en gert hefur verið. Þá hefur svæðið ekki síður gríðarlegt efnahagslegt gildi fyrir atvinnulíf almennt og ferðaþjónustu sérstaklega, bæði í Mýrdal og á landsvísu. NSS átelja harðlega að slík veglína sé sett inn á aðalskipulagstillögu án þess að viðhlítandi rannsóknir á lífríki (fuglalífi), jarðfræði og menningarsögulegum þáttum svæðisins hafi farið fram.


NSS benda á að sýnt hefur verið fram á með athugunum Vegagerðar ríkisins að unnt sé að tryggja aukið umferðaröryggi með endurbótum á núverandi þjóðvegi, án þess að slíkt valdi miklum umhverfisáhrifum. Jafnframt benda NSS á að sú tilfærsla þjóðvegjar 1 sem áformuð er með tillögu sveitarstjórnar, þ.e. að sjávarkambinum í Vík þar sem óvíða í heiminum er meira rof og að bökkum Dyrhólaóss þar sem mikil flóð verða á hverju ári, er í ósamræmi við kröfur um aukið öryggi almennra vegfarenda.

2. NSS leggjast gegn hugmyndum um að breyta friðlandinu á Dyrhólaey í svokallað útivistarsvæði eða opið svæði til sérstakra nota. Samtökin álíta að

ástand fuglalífs og gróðurs á Dyrhólaey kalli á stórauðna friðun og mun strangari stjórnun umferðar inn á svæðið. Verði eygni breytt í útivistarsvæði mun það draga úr áherslu á vistfræðilega sérstöðu og lífríki hennar en auka að sama skapi áherslu á framkvæmdir í þágu útsýnis og meiri umferðar um svæðið.

NSS hafa kynnt sér fram komnar hugmyndir um breytta stjórnun umferðar um friðlandið og telja samtökin brýnt að hagsmunaaðilar komi sér saman um að hrinda þeim í framkvæmd, þannig að lífríki staðarins verði reist við í allra þágu. Breyting á friðlandinu í útivistarsvæði kann að áliti samtakanna að fara í bága við náttúruverndarlög, þar sem ljóst er að núverandi umferð skaðar bæði landið og lífríki þess, en slíkt er óheimilt samkvæmt auglýsingu um friðlýsingu Dyrhólaeyjar.

Virðingarfyllt  
f.h. stjórnar Náttúruverndarsamtaka Suðurlands,

  
Ólafía Jakobsdóttir, formaður

Fskj. 1- Ályktun NSS dags. 26.07. 2007

26. júlí 2007

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps  
Austurvegi 17  
870 Vík

Afrid

**Efni: Ályktun vegna samþykktar hreppsnefndar Mýrdalshrepps, dags. 28.06.2007, um breytta legu þjóðveggar 1 um Mýrdal**

Samkvæmt ákvörðun Mýrdalshrepps um breytingu á aðalskipulagstillögu er gert ráð fyrir jarðgöngum og nýrri veglínu þjóðveggar 1 um Mýrdal þannig að þjóðvegurinn liggja vestur eftir Víkurfjöru við suðurjaðar Víkurkaupþúns, vestan þess við Blánef í göngum gegnum Reynisfjall, þaðan liggja þjóðvegurinn í gegnum ræktunarlönd bænda í Reynishverfi og eftir bökkum Dyrhólaóss að norðan, þ.e. um votlendi og á jaðri friðlýstra náttúruminja, síðan í göngum gegnum Geitafjall og þar um ræktað land sunnan Ketilsstaða.


Í álitum stjórnar Náttúruverndarsamtaka Suðurlands (NSS) um þetta mál 21. nóvember 2005 var bent á að *“Mýrdalur er mjög landþröngt hérað, en jafnframt eru svæði þau sem tillögur um nýja veglínu snerta mjög verðmæt frá náttúrufræðilegu sjónarmiði, bæði á landsvísi en ekki síður á alþjóðavísu. Ströndin, sjávarhamrarnir, sjávarleirurnar, ósinn, fuglalíf, gamla þorpið í Vík og hin fornu byggðahverfi sveitarinnar eru eftirsótt til útivistar, ljósmyndunar og náttúruskoðunar, og tugir þúsunda ferðamanna sækja þetta svæði þess vegna á hverju ári. Mörg kennileiti, svo sem Víkurfjara, Reynisdrangar og Dyrhólaey eru þekkt um allan heim. Dyrhólaós, leirur hans og votlendi hafa mikla þýðingu fyrir fjölbreytt fuglalíf árið um kring, en einkum þó á vorin og fram á haust. Svæðið hefur því ómetanlegt náttúruverndargildi en ekki síður gífurlegt efnahagslegt gildi fyrir atvinnulíf og ferðaþjónustu, bæði í Mýrdal og í landinu almennt. Líta ber á það sem forgangsverkefni í skipulagsgerð að vernda þessi svæði gegn hverskonar raski og óafturkræfum framkvæmdum.”*

Stjórn NSS telur ljóst að samþykkt sveitarstjórnar Mýrdalshrepps um veglínu muni, ef til kemur, valda verulegum óafturkræfum breytingum á þessum svæðum, einkum þó Víkurfjöru, Reynishverfi, ræktunarlöndum bænda og votlendinu við Dyrhólaós.

Stjórn NSS telur nauðsynlegt að breytingar á samgöngumannvirkjum lúti í senn markmiðum um náttúruvernd, öryggi og langtíma hagkvæmni, og gerir þá kröfu að til grundvallar ákvörðunum stjórnvalda liggja faglegt mat á þessum þáttum. Stjórn NSS telur því ótímabært að ný veglína fyrir þjóðveg 1 sé sett í aðalskipulagstillögu fyrr en gerðar hafi verið athuganir á annars vegar úrbótum á núverandi veglínu og hins vegar öðrum valkostum, með tilliti til (1) umhverfisáhrifa, (2) kostnaðar og umferðaröryggis, (3) efnahags- og félagslegra áhrifa á landnytjar, landbúnað og ferðaþjónustu (4) og áhrifa breytinga á ímynd og ásýnd svæðisins.

Virðingarfyllst

f.h. stjórnar Náttúruverndarsamtaka Suðurlands,

  
Ólafía Jakobsdóttir, formaður

**Samrit sent:**

Samgönguráðherra, Vegagerð ríkisins, Vegamálastjóra, Umhverfisstofnun, Ferðamálastofu, Landvernd, þingmönnum Suðurkjördæmis, fjölmiðlum.